



Atvinnuveganefnd Alþingis

Sent með tölvupósti.
Reykjavík, 24. mars 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um girðingarlög (sanngirnskrafa, hæfi úrskurðaraðila), 145. mál.


Tilv. 202103-0009

Vísað er til umsagnarbeiðni í tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, dags. 10. mars, þar sem óskað var umsagnar Bændasamtaka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á girðingarlögum nr. 135/2001, með síðari breytingum (sanngirnskrafa, hæfi úrskurðaraðila), 145. mál (þingskjal 146 – 151. löggjafarþing).

Með frumvarpinu er lagt til að við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein sem lýtur að því að aðeins skuli taka til greina kröfu um jafna skiptingu kostnaðar við girðingu milli aðliggjandi jarða, verði krafan ekki talin auðsjáanlega ósanngjörn gagnvart þeim sem hún beinist að. Skuli við mat á því einkum horfa til fjárhagslegrar stöðu aðila. Greiðsluþátttaka yrði í slíkum tilfellum sem hún er talin ósanngjörn felld niður eða lækkuð. Skv. núgildandi lögum er helmingaskiptareglan meginregla og skal úrskurðaraðili jafna ágreining, náist ekki samkomulag um skiptingu kostnaðar. Bændasamtökin telja ástæðu til að lögfesta undantekningu frá meginreglunni, enda getur aðstöðumunur eigenda eða umráðamanna aðliggjandi jarða verið slíkur eða ástæður að baki kröfunni þess eðlis að bersýnilega sé ósanngarnt að skipta kostnaði að jöfnu. Tekið er undir það sem segir í greinargerðinni að við matið skuli ekki litið sérstaklega til gagns hvors aðila að girðingunni og að meginreglan verði áfram virt.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til að koma á fund nefndarinnar til frekari umræðu.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands



Guðrún Vaka Steingrimsdóttir